

## GJALDSKRÁ

### fyrir fráveitu í Súðavíkurbhreppi.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Súðavíkurbhrepps innheimtir gjald fyrir fráveitu í Súðavíkurbhreppi skv. gjaldskrá þessari og samþykkt um fráveitu og notkun og hreinsun rotþróa í Súðavíkurbhreppi nr. 813/2003.

#### 2. gr.

Hverjum þeim sem á hús eða húshluta í Súðavíkurbhreppi eða leigir lóð í sveitarfélaginu við götu eða opið svæði sem holræsi hefur verið lagt í ber að greiða árlegt holræsagjald til sveitarsjóðs.

Upphæð holræsagjaldsins skal vera 0,15% af fasteignamati íbúðarhúsa og -lóða, 0,33% af fasteignamati annars húsnæðis og lóða samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001, með síðari breytingum. Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekki holræsagjald.

Rotþróagjald skal ákveðið með sérstakri gjaldskrá í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. og ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

Árlegt gjald fyrir hreinsun og losun rotþróa 15.000 kr.

Umbeðin aukahreinsun og losun 40.000 kr.

Kílómetragjald vegna aukalosunar 1.000 kr./km

Miðað er við að rotþrær séu losaðar og hreinsaðar á þriggja ára fresti.

#### 3. gr.

Holræsagjald og rotþróargjald greiðist af hús- og íbúðareiganda, lóðareiganda ef um eignarlóð er að ræða en af leigutaka ef um leigulóð er að ræða og bera þessir aðilar ábyrgð á greiðslu gjaldsins. Holræsagjald og rotþróargjald nýtur aðfararheimildar skv. 3. tl. 16. gr. laga nr. 9/2009, sbr. 10. tl. 1. mgr. laga um aðför nr. 90/1989, og má gera aðför í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Holræsagjald og rotþróargjald nýtur lögveðsréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

#### 4. gr.

Sveitarstjórn getur samþykkt að fella niður eða lækka holræsagjald og rotþróargjald hjá tekju-  
litlum elli- og örorkulífeyrisþegum samkvæmt heimild í 15. gr. laga nr. 9/2009.

#### 5. gr.

Gjalddagar holræsagjalds og rotþróargjalds eru þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatta og greiðist holræsagjaldið og rotþróargjaldið með fasteignasköttum.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt 15. gr. laga um uppbyggingu og rekstur fráveitna nr. 9/2009 og skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir fráveitu í Súðavíkurbhreppi nr. 1140/2011.

*Samþykkt í sveitarstjórn Súðavíkurbhrepps, 11. febrúar 2022.*

**Bragi Þór Thoroddsen** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 24. júní 2022